

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Úthlutun haust 2022

Styrkir á sviði menningar

Verkefni	Umsækjandi	Upphæð
Páskátónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2023 <i>Sinfóníuhljómsveit Suðurlands mun halda páskátónleika í Selfosskirkju 8. apríl 2023. Með hljómsveitinni koma fram Kór Selfosskirkju, Kammerkór Norðurlands, Skagfirski Kammerkórinn og einsöngvararnir Helga Rós Indriðadóttir, Eyjólfur Eyjólfsson og Gunnlaugur Bjarnason.</i>	Góli ehf.	1.000.000
ÁSTIN SEM EFTIR ER (SEINNI HLUTI) <i>Markmiðið er að gera kvikmynd í fullri lengd.</i>	Home Soil ehf.	1.000.000
Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í Árnesi <i>Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur Vínartónleika í Félagsheimilinu Árnesi þann 11. febrúar 2023. Flutt verða mörg af þekktustu verkum Vínartónlistarinnar.</i>	Góli ehf.	900.000
Söngkeppni NFSu (Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands) <i>Söngkeppni Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands er stærsti viðburður ár hvert á vegum nemendafélagsins. Mikið er lagt upp úr faglegri umgjörð svo að flutningur geti notið sín sem best og áhorfendur upplifi ævintýri. Munu 11 keppendur taka þátt á glæsilegu sviði með lifandi undirspili.</i>	Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir	900.000
Atvinna og virkni <i>Heimildarmynd sem sýnir fyrirmyndardæmi um framtak sem á sér stað fyrir fatlaða einstaklinga á Suðurlandi. Með þessu verður athygli vakin á því að þetta málefni verðskuldar enn meiri athygli, fjárhagslegan stuðning og faglega aðstoð til að bæta og halda lífskjöri fatlaðra einstaklinga.</i>	Anna Edit Dalmay	800.000



60 ára - Afmælisýning Listasafns Árnesinga <i>Sett verður upp vegleg sýning með verkum úr safneign safnsins og unnið að útgáfu á bók um hana í samstarfi við listfræðinga og sérfræðinga.</i>	Listasafn Árnesinga	800.000
„Máttugar meyar“ - bókmenntahátíð <i>Bókmenntahátíð með áherslu á bókmenntaverk kvenna. Hátíðin felur í sér blandaða menningardagskrá víðsvegar um Sveitarfélagið Árborg. Markmiðið er að koma á fót verkefni og festa það í sessi til framtíðar.</i>	Konubókastofan, félagasamtök	700.000
Blámi- myndlistasýning í Svavarssafni <i>Blámi er metnaðarfull og þverfagleg sýning, þar sem nýjustu rannsóknaraðferðir og kvikmyndatækni verða nýttar til að skapa upplifun sem færir jökulinn í Svavarssafn.</i>	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	700.000
Norðurljósablús 2023 tónlistarhátíð <i>Tónlistarveisla sem stendur yfir í 3 daga. Starfsemi Blús- og rokklúbbs Hornafjarðar nær hámarki um miðjan mars ár hvert þegar tónlistarhátíðin er haldin.</i>	Blús- og rokklúbbur Hornafjarðar	600.000
Ásgrímsleiðin <i>Byggðasafn Árnesinga og Listasafn Árnesinga vinna saman að Ásgrímsleiðinni í tilefni af afmælisári safnanna. Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni BÁ, LÁ og LÍ þar sem Ásgrímur Jónsson listmálari er umfjöllunarefnið út frá mörgum ólíkum hliðum og nálgunum. Settar verða upp sýningar, boðið upp á leiðsagnir, smíðjur, fræðslu og glæsilega viðburðadagskrá.</i>	Byggðasafn Árnesinga	600.000
We are Vík - A picture of community <i>Photo-reportage about Mýrdalshreppur's society, based in people living here. Pictures of people in a specific scenario that identifies them. Inauguration of the exhibition with the interaction of the attendees. Debate, or participatory chat about our community and our connections</i>	Anna Marti Anguera	500.000
Góða nótt - Vögguvísur í heimabyggð <i>Góða nótt, vögguvísur í heimabyggð er tónleikaröð sem fram fer á Selfossi, Hellu og Hvolsvelli í lok apríl. Efnið verður nýútgefið og hentar fólki á öllum aldri og af öllum kynjum. Gestir á öllum aldri geta mætt í náttfötum eða kósýgalla, með teppi og kodda og jafnvel lokað augnum á meðan þeir hlusta. Markmiðið er að gleðja, auka vellíðan, skapa ró og efla tengsl.</i>	Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir	500.000



Raddir úr Rangárþingi (ytra)	Menningarfélagið Kári í Jötunmóð	500.000
<i>Tónleikar þar sem Raddir úr Rangárþingi ytra munu hljóma í eyrum tónleikagesta undir forystu Glódísar Margrétar Guðmundsdóttur.</i>		
Pollóween	Viðburðarfélagið Pollóween	500.000
<i>Pollóween er skammdegisbæjarhátíð sem haldin er ár hvert í Þorlákshöfn. Hátíðin leggur áherslu á fjölskylduvæna og fjölbreytta skemmtun, þar sem ungir sem aldnir koma saman til þess að fræðast, hræðast og skemmta sér í skammdeginu. Ef þau þora.</i>		
Vox Celestice	Júlíus Óttar Björgvinsson	450.000
<i>Tónleikaröð á Suðurlandi með Orgel Björgvins Tómassonar í forgrunni verkanna. Sem flutt verða í Stokkseyrarkirkju, Eyrarbakakirkju og kirkjunni í Þorlákshöfn. Að tónleikum loknum er haldin kynning á orgeli hverrar kirkju fyrir sig en orgelin hafa öll ólíkt útlit og hvert hljóðfæri einstakt fyrir sig. Lagt verður upp úr því að kynna yngri áheyrendur fyrir orgelinu sem slíku og möguleikum þess í tónlistarsköpun nútímans</i>		
Colors in the town	Zoltán Barát	450.000
<i>The workshop is very much linked to the work that is being done in Mýrdalshreppur related to multicultural connections and society. It for example links directly into Kötluasetur's "We are culture" project, that aims to connect different groups through diverse activities.</i>		
Skapað í smiðju	Byggðasafn Árnesinga	400.000
<i>Komið verður á fót föstum árstíðarbundnum vinnusmiðjum. Í mörg ár hefur safnið boðið upp á ólíkar smiðjur en vill núna skapa fastari umgjörð um þennan þátt safnastarfsins og skapa sterka hefð. Vönduðu smiðja mun auka upplifun gesta og hráefni og framlögð vinna mun nýtast betur. Við sjáum tækifæri til að miðla sögu og verkmenningu með vinnusmiðju samhliða safnaheimsókn og virkja gesta okkar í leik. Viðeigandi textar verða einnig á ensku og pólsku til að þjóna breiðari hópi gesta.</i>		
1000 Fætur / Á slóðum sunnlenskra sveitaballa	Filmsýn ehf.	400.000
<i>Heimildamynd um skemmtanalíf sunnlenskrar æsku frá vikivökum til gullaldarára útihátíða og sveitaballa og þeirri breytingu sem varð á mannlífinu á Suðurlandi á árunum 1957 til 1990. Tónlistin verður kjarni frásagnarinnar því hún hefur verið rauði þráðurinn og áhrifavaldurinn í gegnum aldirnar hjá ungu fólki.</i>		
Listasmiðja Náttúrunnar með Gíslínu Dögg og Jónu Heiðu	Gíslína Dögg Bjarkadóttir	400.000
<i>Verkefnið Listasmiðja náttúrunnar með Gíslínu Dögg og Jónu Heiðu er listasmiðja fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára og er haldin í Eyjum. Í listasmiðjunni sækja þátttakendur innblástur í nærumhverfi og náttúruna, fara í vettvangsrannsóknir og skissa úti. Krakkarnir kynnst ólíkum aðferðum við listsköpun og skissuvinnu og vinna með efnivið úr náttúru Vestmannaeyja og fá kennslu í nýjungum í listsköpun frá listgreina- menntuðum kennurum um efni sem annars væri ekki í boði í Eyjum.</i>		

Krakka og ungmennaklúbbur Svavarssafns	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	400.000
<i>Krakkaklúbbur Svavarssafns er opinn fyrir öll börn og ungmenni með áhuga á að skapa og skoða list. Í krakkaklúbbinum fá krakkar aðgengi að fyrsta flokks verkfærum og efni, og möguleika á að skoða listaverk í návígi í leiðsögn sérfræðinga.</i>		
Samstarf við kóra - Náttúruvernd og Friðarboðskapur	Bakkastofa ehf.	350.000
<i>Kórar búa yfir einstöku lifandi formi sem flytjendur jafnt sem áheyrendur njóta. Bent hefur verið á hvað söngur er öflug leið til viðhalds íslenskrar tungu og orð sem ella yrðu þung í meðförum syngi sig inn málskilninginn. Auk íslenskra barna sem eru í kór er gildi kórastarfs fyrir börn "nýrra Íslendinga" gefandi fyrir málkennd þeirra og orðaforða. Kórasamstarf er farsæl leið fyrir tónskáld við miðlun verka sinna og koma þeim þannig inn í hringekju framtíðarinnar þar sem þau lifa áfram.</i>		
Pop-up sýningar á Suðurlandi	Guðrún Arndís Tryggvadóttir	350.000
<i>Pop-up, eða skyndisýningar eru haldnar með stuttum fyrirvara á óvenjulegum stöðum og geta því náð til fólks á annan hátt en hefðbundnir sýningar í opinberum sýningarrýmum. Jafnhliða verður boðið upp á skyndinámskeið, sýnikennslu og/eða fyrirlestra um efni sem tengist efni sýninganna.</i>		
Margt veður til í kvenna höndum	Kvenfélagið Eining	350.000
<i>Margt verður til í kvenna höndum. Nálin kemur víða við. Handverkssýning sem sýnir fjölbreytileika handverks unnið með nál í gegnum tíðina og verkfærum sem tengjast því</i>		
Rithöfundakvöld MMH	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	350.000
<i>Fimm rithöfundar lesa upp úr nýútgefnum bókum sínum. Boðið verður upp á notalega kvöldstund þar sem íbúar geta komið saman notið góðrar kvöldstundar saman.</i>		
Plastúra	Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson	350.000
<i>Plastúra er framand-vistkerfi sem mótask hefur á jörðinni eftir næsta aldaúða. 50% plast og 50% náttúruleg efni, samruni af rusli og náttúru. Efni, hreyfingar og hljóðheimur jarðarinnar eftir næsta aldaúða verður viðfangsefni rannsóknarinnar. Markmiðið er að skapa nýtt líf með rannsókn á efnivið/nýrri náttúru, hreyfingum/nýjum dýrategundum og hljóði/hvernig nýja veröldin hljómar -veðrakerfið, náttúran og dýrin.</i>		



Gömlu leikföngin **Vestmannaeyjabær** **350.000**
Mikilvægt er að menningararfinum séu gerð góð skil og að hann berist milli kynslóða. Leikföng eru vel til þess fallin að fanga huga barna og flest eigum við góðar minningar tengdar uppáhalds leikföngum. Á sýningunni Gömlu leikföngin getur að líta leikföng frá síðustu öld og frásagnir þeim tengdar. Tilvalið er fyrir stórfjölskylduna að taka sér frí frá daglegu amstri á aðventunni og eiga saman notalega stund með nostalgísku ívafi. Dagskráin verður auglýst á vef- og samfélagsmiðlum í Eyjum.

Gigg á Glæsivöllum **Bryndís Sigurðardóttir** **300.000**
Gigg á Glæsivöllum er tækifæri fyrir unga sunnlenska listamenn að koma sinni list á framfæri með frumlegum hætti í heimahúsi.

„Sat við pluggann jólasveinn“ - jóladagskrá Byggðasafns Árn. **Byggðasafn Árnesinga** **300.000**
Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga er haldin á aðventu 2022 og margt þar til boða safngestum á öllum aldri. Jólasýning safnsins skartar gömlu jólaskrauti og gömlum spýtujólatrjám. Lesið verður úr nýjum bókmenntum og jólatónlist verður flutt.

Tónahátíð í Flóahreppi 2022 **Flóahreppur** **300.000**
Tónahátíð í Flóahreppi hefur öðlast sess sem árviss viðburður þar sem vandað er til dagskrár og flytjendur þekktir fyrir vandaðan tónlistarflutning. Tónahátíð spannar allt árið í Flóahreppi og samanstendur af þremur viðburðum, vetur, vor og haust. Markmiðið er að bjóða upp á viðburði þar sem viðurkenndir listamenn flytja fjölbreytta dagskrá og miðað er við að aðgangseyri sé stillt í hóf eins og kostur er þannig að íbúar á svæðinu og ferðamenn geti átt saman góða og gefandi stund.

Heimildirnar, fræðsluverkefni **Héraðsskjalasafn Árnesinga** **300.000**
Héraðsskjalasafn Árnesinga ætlar að útbúa verkefni fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla. Nemendur munu fræðast um kosningarétt kvenna og þurfa svo að leita eftir upplýsingum um ákveðnar konur sem fengu eða fengu ekki kosningarétt. Til þess munu þeir þurfa að skoða safnkost á miðlunarvef Héraðsskjalasafns Árnesinga og aðra vefi sem birta frumheimildir. Eftir að hafa leyst verkefnið munu nemendur hafa öðlast færni í því að leita í frumheimildum innan héraðs og utan.

"Kannast þú við þennan Rangæing?" **Héraðsskjalasafn Árnesinga** **300.000**
Héraðsskjalasafn Árnesinga ætlar að halda átta samstarfsfundi á um greiningu á ljósmyndum í Goðalandi í Fljótshlíð snemma árs 2023. Á fundunum verður ljósmyndum frá Ottó Eyfjörð, ljósmyndara á Hvolsvelli varpað upp á tjald og gestum gefinn kostur á að nafngreina fólk, staði og fleira á myndunum. Fundirnir eru skemmtilegur samveruvettvangur fyrir gesti og veita Héraðsskjalasafni Árnesinga mikilvægar upplýsingar um safnkost sinn.



Tónlistarferðalagið frá Ungverjalandi til Vestmannaeyja	Júlíanna S. Andersen	300.000
<i>Fjölmennningarlegir tónleikar þar sem blanda af ungverskri, pólskri, þýskri og íslenskri tónlist verða flutt með einsöng og píanói. Hluti af tónleikunum verður söngur með píanóundirspili og hluti píanóverk. Þetta er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að heyra og kynnast fallegri klassískri tónlist eftir þekkt erlend tónskáld og fá tækifæri til að heyra frumsamin íslensk lög.</i>		
Konukvöld Konubókastofu "Leyndardómur yndispökkans"	Konubókastofan, félagasamtök	300.000
<i>Leyndardómur yndispökkans er léttleikandi kvöldstund fyrir yngri kynslóðina með áherslu á bækur og bókmenntir með fræðslu og skemmtun.</i>		
MUUR	Lind Draumland Völundardóttir	300.000
<i>MUUR er óhefðbundin sýningarstaður inni á heimili hjónanna Lindar D. Völundardóttur og Tim Junge. MUUR sérhæfir sig í samtíma myndlist og flytur inn ef svo má segja myndlist til Hafnar sem annars væri ekki hér til sýnis. MUUR er og vil halda áfram að vera uppbyggileg viðbót við menningarstarfsemi sem nú þegar fer fram í sveitarfélaginu.</i>		
Mannvist á Mýrum - Fornbýli í landslagi	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	300.000
<i>Mannvist á Mýrum, ljósmynda- og veggspjaldasýning af fornum bæjarstæðum á Mýrum í Hornafirði. Búsetusaga valdra eyðibýla lýst í máli og myndum með það markmið að glæða áhuga gesta á menningararfi sveitarfélagsins og ýta undir aukna umhverfisvitund.</i>		
Menningarsmiðjan Brimrót á Stokkseyri	Pétur Már Guðmundsson	300.000
<i>Áframhaldandi starfsemi í Brimrót. Upplestrar, námskeið, bíókvöld. Sérstaklega hugað að söfnum og miðlun heimilda af ýmsu tagi. Annars vegar á nýrri uppfærðri vefsíðu stokkseyri.is og annála útgáfu í bókaformi hins vegar. Menningarstarfsemi í Brimrót og víðar á Stokkseyri mikilvæg. Að koma því á framfæri er líka verðugt verkefni sem þarf að gefa gaum. Vinnuaðstaða fyrir barnabókahöfunda.</i>		
Part 2 Technology Upgrade of Natural History Collection	The Beluga Operating Company ehf.	300.000
<i>Giving new life and home to the historical collection from Vestmannaeyjar's Natural History Museum with interactive technology in multiple languages. New bird cliff exhibit and behind the scenes at the museum display would showcase historic collection with new technology to provide detailed information about each specimen.</i>		
Minningatónleikar Vosa	Félag um Tyrkjaránssetur í Vestmannaeyjum	250.000
<i>Verkefnið byggist á því að fá hæfileikaríkt fólk til þess að taka að sér að spila lög Alfreðs á tónleikum honum til heiðurs. Markmiðið er að kynna þá útgáfu á lögum Alfreðs sem ráðist var í með því að leita samstarfs við kóra og tónlistarfólk þannig að unnt verði að miðla á sem víðtækasta hátt merkum menningararfi.</i>		



mmm-kvöld á aðventu	Hveragerðisbær	250.000
<i>Samstarfsverkefni Listasafns Árnesinga og Bókasafnsins í Hveragerði þar sem málinu, músíkinni og myndlistinni er teft saman í eina mmm-kvöldstund. Sunnlendingum og öðrum gestum gefst tækifæri til að eiga notalega samverustund og auðga andann með dagskrá á fullveldisdaginn 1. desember í Listasafni Árnesinga.</i>		
Summa og Sundrung - fræðsluefni	Listasafn Árnesinga	250.000
<i>Listasafn Árnesinga mun framleiða fræðsluefni um vídeólistamennina Steinu, Woody Vasulka og Gary Hill og gefa það inn í unglingadeildir og félagsmiðstöðvar í Árnessýslu.</i>		
50 ár frá Heimaeyjargosinu í tali og tónum	Vestmannaeyjabær	250.000
<i>Dagskrá í ELDHEIMUM 23. janúar 2023 þegar 50 ár verða liðin frá upphafi Heimaeyjargossins. Upprifjum Eyjapistlanna. Útvarpsþáttar, sem miðlaði mikilvægum upplýsingum til Vestmannaeyinga á erfiðum tímum Heimaeyjargossins. Þátturinn var í umsjón tvíburabræðranna Gísla og Arnþórs Helgasona. Einnig verður flutt tónlist þeirra bræðra, sem og önnur vinsæl tónlist frá góstmabilinu. Ásamt tvíburabræðrunum skipa Magnús R. Einarsson og Þórólfur Guðnason hljómsveitina.</i>		
„Caroling“ söngur	Erna Gísladóttir	200.000
<i>Kvennakór Hornafjarðar færir bæjarbúum birtu og yl með jólasöng á aðventunni.</i>		
Smiðjuþræðir - lokasýning og uppskeruhátíð	Listasafn Árnesinga	200.000
<i>Sýning á Listasafni Árnesinga á afrakstri barna úr grunnskólum Árnessýslu sem tóku þátt í verkefninu Smiðjuþræðir á vegum Listasafns Árnesinga sem stóð frá september 2022 - maí 2023. Sýningin verður í maí og júní og uppskeruhátíðin verður haldin við opnun sýningarinnar.</i>		
Eflandi leiklist á ströndinni	Magnús Jóhannes Magnússon	200.000
<i>Verkefnið felst í því að setja upp leikrit með allri þeirri vinnu sem því fylgir.</i>		



Styrkir á sviði atvinnu og nýsköpunar

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Upphæð
Afurðagerð og vörumerkjaþróun fyrir lífefnavinnslu <i>Verkefni um þróun á neytendavörum sem innihalda kollagen og önnur lífefni sem verður framleitt í nýrri verksmiðju Löngu ehf. í Vestmannaeyjum. Afurðir úr framleiðslunni munu vera mjög næringarrikar og er mikilvægt félaginu að kanna möguleika á að framleiða vörur á neytendamarkaði og þróa markaðsáætlun fyrir framleiðsluna og ákvarða inn á hvaða markaði skuli stefna.</i>	Langa ehf.	2.000.000
Hvítur <i>Þróun og framleiðsla á nýjum vörum úr íslenskum eggjum.</i>	Hrafnkell Guðnason	1.500.000
Veiðar á rauðátu við Suðurströndina <i>Rauðáta er einn stærsti lífmassi sem finna má á jörðinni og ein af undirstöðum lífs í hafinu kringum Ísland. Gífurleg tækifæri gætu verið í nýtingu þessa lífmassa ef vel er á spilum haldið, þar sem unnt er að vinna verðmætar vörur úr rauðátunni. Markmið verkefnisins er að gera viðskiptaáætlun til 15 ára fyrir Rauðátuna ehf. sem þegar hefur hafið tilraunaveiðar á rauðátu við Vestmannaeyjar.</i>	Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses.	1.500.000
Framleiðsla gæludýrafóðurs <i>Framleiðsla á þurrkuðum fiskikökum og kjötkökum fyrir gæludýr. Notaður úrgangur frá fiskvinnslum og kjötvinnslum og þannig aukið verðmæti hans.</i>	Fiskafurðir-umboðssala ehf	1.000.000
Smjör II <i>Þróun og framleiðsla á nýjum vörum úr íslensku smjöri.</i>	Smjör ehf.	1.000.000
Íshampur (framhaldsumsókn) <i>Verkefnið gengur út á það að kanna rekstrargrundvöll, stofna og reisa afurðarstöð og verksmiðju fyrir hráefnisvinnslu á iðnaðarhampi á Suðurlandi. Skapa þannig ný störf og nýta orku og land á svæðinu. Auk þess að stuðla að aukinni ræktun iðnaðarhamps á Íslandi með því að gefa bændum kost á að leggja inn ræktaðan iðnaðarhamp til frekari vinnslu og ýta þannig undir nýsköpun á vörum framleiddum úr iðnaðarhampi með því að auka aðgengi innlendra aðila að þessu hráefni.</i>	Últra ehf.	1.000.000



Plöntuostar - markaðssókn

Livefood ehf.

850.000

Markmið verkefnisins er að hanna markaðsefni og umbúðir fyrir íslenska plöntuosta og koma þeim á íslenskan markað. Hugmyndavinna, stofnun fyrirtækis, vörupróun plöntuostanna, gerð viðskipta- og rekstraráætlunar, fjármögnun, kaup á framleiðslurými og undirbúningur rýmis hefur staðið yfir frá árinu 2018. Framleiðsla og sala mun hefjast á næstu vikum.

BALI - hestastudd meðferð fyrir erlenda gesti

Porkatla Elín Sigurðardóttir

850.000

Á Bala í Þykkvabæ verður boðið upp á hestastudda sálfræðimeðferð fyrir gesti. Um er að ræða nýjung á Íslandi en meðferðarformið er í boði í meira en 50 löndum víðsvegar um heiminn. Hér er séfræðipækning notuð til að gefa fólki tækfæri til að nýta náttúru, nærveru við hesta og sálfræðiráðgjöf til heilsuefingar á nýjan hátt.

Frostþurrkað snarl úr íslensku grænmeti

Frostþurrkun ehf.

700.000

Verkefnið snýst um þróun og framleiðslu á nokkrum gerðum af frostþurrkuðu snarli úr íslensku grænmeti fyrir erlenda ferðmenn.

Íslandsflugur

Íslandsflugur ehf.

700.000

Dökka Evrópska Býflugan er ekki aðeins norræn menningarverðmæti í útrýmingarhættu heldur er hún sennilega eina býflugnategundin í heiminum sem hefur möguleika á að lifa og þrífast í íslensku veðurfari. Þessar býflugur eru stærri, duglegri, hraustari og fljúga í lægra hitastigi og verra veðri. Einnig ber hunangið sem þær framleiða af varðandi bragðgæði.

Rabbarbarafreyðivín

Þórólfur Sigurðsson

700.000

Rabarbarafreyðivín Vínkeldunar er nýtt handverksvín sem mun koma á Íslenskan markað í vetur. Er allt hráefni ræktað á bænum Stokkseyrarsel í Árborg. Sótt var um styrk til markaðs og kynningarefnis.

Sunnlenskar konur á kortið!

Herdís Friðriksdóttir

500.000

Í Suðurlandsdeild FKA eru 65 konur sem standa flestar í rekstri smáfyrirtækja. Reglulegir viðburðir eru haldnir þar sem þær hvetja og efla hver aðra og styrkja tengslanetið. Mikil þekking og reynsla er innan deildarinnar og mikilvægt að virkja og leiða áfram til annarra kvenna félagsins. Háskólafélag Suðurlands stefnir að auknum búsetugæðum og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags. Einnig að vinna að uppbyggingu símenntunar í samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir.

Vik: Love at first bite! Marketing for Arctic Macarons

Vincent Armand Cornet

500.000

Arctic Macarons is a new sweet concept in Vik selling macarons (french pastry) inspired by Icelandic nature and culture (both visually and through flavors). The project focuses on marketing to be able to grow the brand awareness and visibility with the aim of making the brand Arctic Macarons enough known to increase the sales in 2023.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Bókviti

Esther Bergsdóttir

300.000

Bókviti er smáforrit (app) sem er hannað sem bókaleitarvél. Í því verður hægt að finna bækur sem tengjast áhugasviði barna og fullorðinna. Áhugaflokkarnir eru fjölmargir og margvísleg leitarskilyrði verða í appinu auk annara viðbóta (fídusa).